

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Hagsmunasamtök
Heimilanna



heimilin@heimilin.is - www.heimilin.is
Ármúla 5 - 108 Reykjavík
kt. 520209-2120

Erindi nr. HH15U145.0435
Dags. 4.3.2016

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 435. mál á 145. löggjafarþingi
Almennar íbúðir (heildarlög)

Frumvarp það sem hér um ræðir er það nýjasta af fjórum frumvörpum á sviði húsnæðismála sem boðuð hafa verið af ráðherra, með vísan til þingsályktunar nr. 1/142 um aðgerðir vegna skuldavanda heimila á Íslandi. Þrátt fyrir heiti frumvarpsins lýtur efni þess þó ekki að húsnæðismarkaðnum almennt, heldur félagslegum leiguíbúðum fyrir efnaminna fólk, og miðast sú skilgreining við u.þ.b. 360.000 kr. heildartekjur einstaklings á mánuði eða um 505.000 kr. mánaðartekjur hjóna. Frumvarpið felur í sér reglur um opinbera fjármögnun slíkra íbúða, rekstur íbúðafélaga, og er þar um ýmis nýmæli að ræða sem er rétt að skapa skýran lagaramma um.

Hagsmunasamtök heimilanna gera fyrirvara við það sem segir í greinargerð með frumvarpinu að: „Félagslega leigukerfið verði fjármagnað með stofnframlögum ríkis og sveitarfélaga og með beinum vaxtaniðurgreiðslum ríkisins sem nemi núvirt um 30% af stofnkostnaði. Slíkt framlag ríkis og sveitarfélaga ætti að jafnaði að leiða til þess að leiga einstaklings með lágar tekjur nemi ekki hærra hlutfalli en 20–25% af tekjum.“ Hagsmunasamtök heimilanna telja að þrátt fyrir góð markmið sé með þessu þó ekki ráðist að hinni raunverulegu rót þess vanda sem birtist í hárrí greiðslubyrði vegna húsnæðis, þ.e. fjármagnskostnaður. Hagsmunasamtök heimilanna telja mun brýnna að lækka þann kostnað heldur en að niðurgreiða hann á kostnað skattgreiðenda.

Varðandi einstök efnisatriði frumvarpsins vísa Hagsmunasamtök heimilanna einkum til umsagna Búseta á norðurlandi og Samtaka leigjenda á Íslandi, og taka undir mörg þeirra sjónarmiða sem þar koma fram, en gera hinsvegar ekki frekari athugasemdir að svo stöddu.

- o -

Virðingarfyllst, f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna

Vilhjálmur Bjarnason, formadur@heimilin.is

Pálmey Gísladóttir, varaformadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is